

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt á Akranesi.**

Fasteignaskatt á Akranesi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 270.

31. desember.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Kópavogi.**

Fasteignaskatt í Kópavogi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 271.

29. desember.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
nr. 237 30. desember 1963.**

1. gr.

Í stað „kr. 860.00“ í 3. málslið 1. tl. 9. greinar gjaldskrárinnar, komi: 400.00.

2. gr.

2. tölul. 9. gr. orðist svo:

Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina kr. 670.00 á árskw. og kr. 0.34 fyrir hverja notaða kwst.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá þessi skal gilda um notkun skv. álestri í næsta mánuði eftir að gjaldskráin hlýtur staðfestingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um ferðamálasjóð.

1. gr.

Ferðamálasjóður er stofnaður samkvæmt 26. gr. laga um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, og aflað tekna samkvæmt 27. gr. sömu laga.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta á annan hátt skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem bestar móttökur og aðbúð.

3. gr.

Samgöngumálaráðherra hefur yfirumsjón með vörzlu Ferðamálasjóðs, og ræður útlánam af fé sjóðsins. Búnaðarbanki Íslands annast vörzlu Ferðamálasjóðs, bókhald, innheimtu og útborganir, svo og mat á þeim tryggingum, sem settar eru fyrir lánnum úr sjóðnum.

4. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði skal senda Ferðamálaráði.

Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um, hvernig verja eigi lánsfénu, efnahags- og rekstursreikningar síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða, uppdrættir af byggingum og lýsing á búnaði og fyrirkomulagi.

Skulu gögn þessi send Ferðamálaráði í tvíriti. Við athugun á teikningum, búnaði og fyrirkomulagi, skal þess gætt, að í samræmi sé við lög og reglugerðir um veitingasölu og gististaðahald.

Ferðamálaráð getur óskað skýringar á umsókn og ýtarlegri gagna, ef því þykir ástæða til.

Ferðamálaráð gerir rökstuddar tillögur til samgöngumálaráðherra um lánveitingar og skal þá fylgja eitt eintak af umsókn og fylgiskjölum hennar.

5. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði má veita eigendum gisti- og veitingastaða eða opinberum aðilum, til að bæta úr aðstöðu til móttöku ferðafólks, hvort sem er til byggingar eða endurbóta á húsnæði eða til kaupa á húsgögnum og húsbúnaði. Skal þess gætt við ákvörðun um lánveitingu, að ekki sé með henni stuðlað að óeðlilegri samkeppni við annað fyrirtæki, sem starfandi er.